Miðvikudaginn 25. ágúst 1993.

Nr. 347/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Guðbjarti Rögnvaldssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 102. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar. Undirritaði hann yfirlýsingu þess efnis 20. ágúst 1993, og var hún send Héraðsdómi Reykjavíkur sama dag. Hæstarétti barst kæran 24. ágúst sl. Af hálfu varnaraðila er þess aðallega krafist, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Varakrafa hans er sú, að gæsluvarðhaldstímanum verði markaður skemmri tími og gæsluvarðhaldið verði með sama hætti og vistun afplánunarfanga. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Rannsóknarlögregla ríkisins, sem fer með sóknaraðild máls þessa samkvæmt 141. gr. laga nr. 19/1991, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Krafa þessi hefur áður verið til meðferðar fyrir dómstólum, sbr. dóm Hæstaréttar 17. ágúst 1993.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. ágúst 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur lagt fram kröfu þess efnis, að Guðbjarti Rögnvaldssyni, kt. 270851-4529, með lögheimili að Laugavegi 28 C, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 29. september 1993 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 155. gr. og 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins fer nú fram rannsókn á átta innbrotum og þjófnuðum. Kærði hefur játað að eiga aðild að meginhluta þessara brota. Hann kveðst þó ekki hafa brotist inn í Verslunina Topphúsið, Klapparstíg 31, Reykjavík, sem tilkynnt var um 18. ágúst sl., og einnig neitar hann að hafa stolið tékkhefti því, sem stolið var úr tösku í bifreið aðfaranótt 8. ágúst 1993, en hefur hins vegar játað að hafa falsað fjögur eyðublöð úr því tékkhefti og notað þau í viðskiptum.

Brot þau, sem kærði hefur viðurkennt að hafa átt aðild að, eru öll framin á tímabilinu frá 3. ágúst til 9. ágúst 1993.

Hinn 9. ágúst sl. voru send 16 mál frá RLR til ríkissaksóknara ásamt greinargerð samkv. 1. mgr. 77. gr. laga nr. 19/1981, en samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dags. 19. ágúst 1993, mun embættið höfða mál á hendur kærða vegna ofangreindra 16 mála þriðjudaginn 24. ágúst 1993.

Er kærða var sýnd greinargerð þessi í réttinum, sbr. dskj. nr. 2, viðurkenndi hann að eiga aðild að öllum þeim brotum. Brot þessi voru framin á tímabilinu frá október 1992 til 18. júní 1993.

Er því ljóst, að kærði hefur á stuttum tíma átt aðild að mörgum innbrotum og þjófnuðum, og að auki er til rannsóknar fölsun á tékkum úr tékkhefti, sem kærði hefur viðurkennt að hafa notað í viðskiptum.

Þau brot, sem að ofan greinir, geta varðað kærða fangelsi samkvæmt alm. hegningarlögum.

Með hliðsjón af ofangreindu og einkum því, hversu mörg þau brot eru, sem kærði hefur viðurkennt að eiga aðild að, og því, á hve stuttu tímabili þau eru framin, þykir hætta á, að hann muni halda áfram brotum, á meðan máli hans er ólokið. Ber því með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að fallast á kröfu RLR um, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til 15. september 1993 kl. 16.00. Kærði skal vistaður sem um afplánunarfanga væri að ræða, sbr. b-lið 108. gr. laga nr. 19/1991.

Úrskurðarorð:

Kærði, Guðbjartur Rögnvaldsson, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 15. september nk. kl. 16.00.

Kærði skal vistaður sem um afplánunarfanga væri að ræða.